

## L Ö G

## um þingsköp Alþingis.

115

19. nóv.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Að Vér samkvæmt 38. gr. laga nr. 50 10. apríl 1936 höfum látið fella meginmál téðra laga ásamt því, sem óbreytt stendur af 1.—8. gr. laga nr. 20 24. marz 1934, svo og 1. gr. laga nr. 54 14. nóv. s. á. inn í lög nr. 29 3. nóv. 1915, og gefum þau hér með út svo breytt sem lög um þingsköp Alþingis.

## I. Þingskipun.

## 1. gr.

Þegar Alþingi kemur saman við þingsetningu, skal elzti þingmaðurinn stjórna umræðunum, þangað til forseti sameinaðs þings er kosinn, og standa fyrir kosningu hans.

Þingsetning.

Til þess að prófa kjörbréf og kosningu nýkosinna þingmanna og varamanna, hvort fleiri eru eða færri, og það þótt eigi sé nema einn, ganga þingmenn eftir hlutkesti í 3 jafnar deildir, meðan til vinnst. Fyrsta deild fær annari deild, önnur deild þriðju deild og þriðja deild fyrstu deild kjörbréf þess eða þeirra þingmanna, sem eru í hverri þeirra fyrir sig. Hver deild rannsakar kjörbréf þau, er hún tekur við, og kosningu þingmanna og kjörgengi, kýs sér framsögumann og gerir tillögu til þingsins um, hvort kosning og kjörgengi þingmanns skuli talið gilt. Tillögurnar má bera upp munnlega, án nokkurs fyrirvara, og ræður afl atkvæða um gildi kosninga og kjörgengi, svo og hvort fresta skuli úrskurði þar um (stjkskr. 41. gr.).

Prófun kjörbréfa og kjörgengis og ályktun um það.

Umræður á þingsetningarfundum fara fram eftir fyriræmum 35. og 37. gr.

## 2. gr.

• Sérhver nýr þingmaður skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni undir eins og búið er að viðurkenna, að kosning hans sé gilt (stjkskr. 42. gr.).

Eiður þingmanna.

## 3. gr.

Þá skal kjósa forseta sameinaðs þings, og gengst hann fyrir kosningu tveggja varaforseta, fyrsta og annars, og tveggja skrifara.

Kosning forseta sameinaðs þings og skrifara.

Rétt kjörinn forseti er sá, er hefir meira en helming greiddra atkvæða, þeirra er á fundi eru. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð við fyrstu kosningu,

**115** skal kosið af nýju óbundnum kosningum. Fáí þá heldur enginn nógu mörg atkvæði, skal kjósa um þá tvo þingmenn, er flest fengu atkvæði við síðari óbundnu kosninguna; en hafi við þá kosningu fleiri fengið jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Ef þeir fá báðir jafnmörg atkvæði við bundnu kosninguna, ræður hlutkesti, hvor þeirra verði forseti.

Sömu reglu skal fylgt við kosningu varaforseta. En við kosningu skrifara ræður atkvæðafjöldi. Hlutbundinni kosningu má beita við kosningu skrifara, ef 9 þingmenn krefjast þess (48. gr.).

## 4. gr.

Kjörbréfa-  
nefnd.

Þá skal kjósa nefnd til þess að prófa kjörbréf, er síðar koma fram en svo, að þau verði prófuð eftir 1. gr., svo og til þess að rannsaka kosningar og kjörgengi, er þingið hefir frestað að taka gilt, og kærur yfir kosningum eða kjörgengi, er þegar eru teknar gildar. Í þessa nefnd kys þingið 5 menn, eftir reglum um nefndarkosningar (17. og 48. gr.).

Ef nefnd þessi lætur uppi skriflega tillögu, eða ef hún leggur til, að kosning skuli teljast ógild, skulu tillögur hennar ræddar eftir reglunum um 2. umr. lagafrumvarpa (22. gr.). Ella fer um tillögur hennar eftir því, sem ákveðið er um tillögur kjörbréfadeildanna í 1. gr.

## 5. gr.

Hvenær  
kosninga-  
kæra verði  
til greina  
tekin og  
þingið geti  
ónýtt kosningu.

Þingið getur við rannsókn þá, er ræðir um í 1. gr., úrskurðað kosningu ógilda, þótt eigi hafi hún kærð verið, og einnig frestað að taka kosningu gilda, til þess að fá skýrslur. Svo er og um kosningu þingmanns, er eigi er kominn, eða kjörbréf hans, þá er þing er sett.

Sama er um kjörgengi.

Að öðru leyti tekur þingið eigi upp hjá sjálfu sér að rannsaka kosningar eða kjörgengi, en gerir það því aðeins, að kært sé yfir þeim.

Réttindi  
þingmanns  
áður en  
kosning  
hans og  
kjörgengi  
er tekið  
gilt.

Kæru yfir kosningu þingmanns eða kjörgengi skal því aðeins taka til greina, að hún sé komin til Alþingis í byrjun þings næst á eftir kosningu, eða áður en kosning þingmanns er tekin gild á Alþingi.

Við prófun kosninga og kjörgengis hefir sérhver þingmaður fullan þingmannsrétt. En fresti þingið úrskurði um það, þá tekur hann engan þátt í störfum þingsins, unz það mál er útkljáð og kosning hans og kjörgengi viðurkennt.

## 6. gr.

Kosning til  
efri deildar.

Eftir kosningar þær, sem um ræðir í 3. og 4. gr., skal velja til efri deildar þá tölu þingmanna, er þar skulu eiga sæti. Skal hverjum þingflokki skylt að tilnefna á lista þá tölu þingmanna sinna, er honum ber í hlutfalli við atkvæðamagn hans í sameinuðu þingi. Ef tveir eða fleiri þingflokkar hafa með sér bandalag um kjör til efri deildar, eða þingflokkur (eða flokkar) og menn utan flokka, skal talan á listanum miðuð við samanlagt atkvæðamagn bandalagsins.

Ef atkvæðamagn tveggja eða fleiri kjöraðilja er jafnt við kosningu síðasta

manns til efri deildar, skal hvor (hver) þeirra tilnefna mann í vafasætið, en hlutkesti ráða úrslitum.

115

19. nóv.

Nú skýtur einhver kjöraðili sér undan skyldu um tilnefningu til efri deildar, og tilnefnir forseti þá þingmann eða þingmenn úr þeim flokki eða bandalagi, í réttu hlutfalli við atkvæðamagn. Ef þá er vafi um eitt sæti, skal hlutkesti ráða. Forseti tilkynnir síðan, hverjir þingmenn þannig hafa verið tilnefndir, og teljast þeir rétt kjörnir eða skipaðir til efri deildar (stjkskr. 27. gr.).

## 7. gr.

Síðan setjast þingdeildirnar niður, efri og neðri. Í hvorri deild gengst elsti þingmaðurinn fyrir kosningu forseta deildarinnar, en forseti síðan fyrir kosningu tveggja varaforseta, fyrsta og annars, og 2 skrifara. Um þessar kosningar fer eftir ákvæðum 3. gr. um samskonar kosningu í sameinuðu þingi.

Forseta-  
kosning og  
skrifara í  
deildunum.

Þegar þessum kosningum er lokið, skal hluta um sæti þingmanna, annara en forseta og skrifara, nema þingflokkar hafi komið sér saman um að skipa sér í sæti eftir flokkum.

Sæta-  
skipun.

## 8. gr.

Kosning forseta, varaforseta og skrifara, bæði í sameinuðu þingi og báðum deildum, er fyrir allt það þing. Svo er og um nefndarkosningu þá, er talað er um í 4. gr. En kosning til efri deildar er fyrir allt kjörtímabilið.

Hve lengi  
kosningar  
eftir 2.—3.  
og 6.—7. gr.  
gildi, o. fl.  
Niðurlagn-  
ing embætt-  
isstarfs og  
frávíkingj.

Þó er hverjum embættismanni þingsins heimilt að leggja niður starf sitt, ef meiri hluti leyfir, í þingdeild eða sameinuðu þingi; svo getur og þingdeild eða sameinað Alþingi vikið hverjum embættismanni sínum frá, en þó þarf til þess samatkvæði  $\frac{2}{3}$  þingmanna eða deildarmanna.

## 9. gr.

Nú losnar sæti efri deildar þingmanns, og annar maður er kosinn í hans stað, og tilnefnir þá þingflokkur sá, er skipa á sætið eftir reglu 6. gr., einn mann úr sínum flokki til efri deildar.

Sæti efri  
deildar  
þingmanns  
losnar.

## 10. gr.

Aldursforseti, bæði í sameinuðu þingi (1. gr.) og í þingdeildunum (7. gr.), hefir, meðan hann skipar forsetasæti, allan sama rétt og skyldur sem forseti.

Réttur og  
skylda ald-  
ursforseta.

## 11. gr.

Forsetar stjórna umræðum og sjá um, að allt fari fram með góðri reglu. Forseti hvorrar deildar tekur við öllum erindum til deildarinnar og annast um afgreiðslu þeirra mála, er frá deildinni eiga að fara. Hann skýrir á fundi frá hverju því, er sent er deildinni eða útbýtt er í henni. Nú vill forseti, hvort heldur deildar eða sameinaðs þings, taka þátt í umræðum, frekar en forsetastaða hans krefur, og viki þá á þingmannabekk, en varaforseti tekur forsetasæti á meðan.

Verksvið  
forseta.

Forsetar Alþingis skipa í sameiningu skrifstofustjóra þingsins, og skulu laun hans ákveðin í launalögum. Hann skal aðstoða forseta, er þeir ráða þing-

Þátttaka  
forseta í  
umræðum.

**115** skrifara og aðra starfsmenn, og gera tillögur um það. Hann skal standa fyrir öllum um reikningum Alþingis og útgáfu og útsendingu Alþingistiðindanna, lesa prófarkir af þeim, ráða útsöllumann þeirra og annast geymslu á þeim og skjalasafni Alþingis og bókasafni, hafa umsjón með alþingishúsinu, munum þess og alþingisgarðinum, jafnt milli þinga sem um sjálfan þingtímann, og sjá um, að allt sé í lagi í þinghúsinu, þegar þing kemur saman (við þingsetningu). Í öllum þessum störfum sínum skal skrifstofustjóri háður eftirliti forsetanna, og skulu þeir semja og setja erindisbréf handa honum og öðrum starfsmönnum þingsins.

Réttur og skylda varaforseta.

12. gr.

Í forföllum forseta ganga varaforsetar að öllu leyti í þeirra stað.

13. gr.

Milliþingaforseti. Nú er hvorki forseti né varaforseti búsettur í Reykjavík eða þar í nánd, og skal þá í þinglok kjósa þingmann, sem á heima í Reykjavík eða í nánd við hana, til þess að annast störf forseta milli þinga. Kosning sú fer fram á sama hátt og áður er ákveðið um forsetakosningu.

14. gr.

Verksvið skrifara. Gerðabók.

Skrifararnir halda gerðabók, undir umsjón forsetans, og geta í henni mála þeirra, er rædd eru á fundum, og úrslita þeirra.

Í byrjun fundar skal gerðabók frá síðasta fundi samþykkt og undirskrifuð af forseta og öðrum skrifaranum. Þingmenn skulu eiga kost á að kynna sér gerðabókina í skrifstofunni, að minnsta kosti tveim tímum áður en næsti fundur byrjar.

Skrifararnir telja saman atkvæði við atkvæðagreiðslur og kosningar. Sömu leiðis sjá þeir með forseta um, að ályktanir séu skrásettar, og ritar forsetinn og annar skrifarinn undir þær. Störfum skipta skrifarar milli sín, eftir samkomulagi við forseta.

15. gr.

Embættismenn sameinaðs þings.

Ákvæði 12. og 14. gr. eiga jafnt við um forseta, varaforseta og skrifara í sameinuðu þingi sem í deildunum.

## II. Nefndir.

16. gr.

Fastanefndir í sameinuðu þingi. Á 2. fundi sameinaðs Alþingis skulu kosnar þessar fastanefndir:

- 1) fjárveitinganefnd, skipuð 9 mönnum,
- 2) utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum og 7 til vara.

Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjáráukalaga og þingsályktunartillögur, sem til hennar kann að verða vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði. Til utanríkismálanefndar skal vísað utanríkismálum og þeim öðrum málum, er sameinað þing eða önnurhvor deildin ákveður. Utanríkismálanefnd

starfar einnig milli þinga, og skal ráðuneytið ávallt bera undir hana slík mál, sem fyrir koma milli þinga.

Hvor þingdeild skal og skipa fastanefndir til þess að fjalla um ákveðnar tegundir mála. Til þeirra nefnda má síðar vísa skyldum málum. Tala nefndarmanna skal að öllum jafnaði standa á stöku.

Jafnan skal skipa þessar fastanefndir í deildum, og skal það gert á öðrum þingfundi hvorrar deildar:

- 1) fjárhagsnefnd,
- 2) samgöngumálanefnd,
- 3) landbúnaðarnefnd,
- 4) sjávarútvegsnefnd,
- 5) iðnaðarnefnd,
- 6) menntamálanefnd,
- 7) allsherjarnefnd.

Skal þingmönnum í hvorri deild skipt í þessar nefndir, og mega ekki vera fleiri en 5 í hverri nefnd.

Hver fastanefnd þingsins kys sér formann og fundaskrifara.

Formenn fastanefnda í hvorri deild, forseti og fyrri varaforseti skulu skipa eina nefnd, vinnunefnd, og er forseti formaður hennar. Hún skal skipa fyrir um fundatíma og fundastaði nefndanna og sjá um, að þeir rekist ekki á.

Nú þykir nauðsyn til bera, vegna vinnubragða, að hafa mannaskipti í nefndum, lengur eða skemur, og skal vinnunefndin þá hlutast til um, að mannaskiptin komist á, þó svo, að viðkomandi fastanefndir samþykki. Náist ekki samkomulag, má vinnunefnd skjóta ágreiningnum undir úrskurð deildarinnar.

Til fastanefndanna getur hvor þingdeild vísað þeim þingmálum, sem fyrir deildina eru lögð og þörf þykir, að nefnd ihugi, og skal þá að jafnaði vísa hverju máli til sömu fastanefndar í báðum deildum. Það er samvinnunefnd, ef samkynja fastanefndir beggja deilda vinna saman.

Heimilt er þó hvorri deild að kjósa lausanefndir til að ihuga einstök mál. Hver lausanefnd kys sér formann og ritara.

Nefndir kjósa sér framsögumann fyrir hvert mál, sem þær fjalla um. Engum fastanefndarmanni er skylt að hafa á hendi í senn framsögu í fleiri málum en tveimur.

Vísa má máli til nefndar á hverju stigi þess. Sé það gert áður en umræðu er lokið, þá skal henni frestað.

#### 17. gr.

Rétt kosinn í nefnd við óhlutbundna kosningu — þ. e. við aðra kosningu en hlutfallskosningu — er sá, er hlotið hefir þriðjung greiddra atkvæða, og aðeins hér telst auður seðill greitt atkvæði. Fáist nefnd eigi fullskipuð við ítrekaða kosningu á þann hátt, skal kjósa bundnum kosningum um þá, er flest höfðu atkvæði, þannig, að vanti einn mann í nefndina, er kosið um 2, vanti 2, er kosið um 3, þá er flest höfðu atkvæði, o. s. frv. Ræður að öðru leyti hlutkesti (sbr. 48. gr.).

**115**

19. nóv.

Fastanefndir í deildum.

Vinnunefnd Alþingis.

Mannaskipti í nefndum.

Samvinnunefndir.

Lausanefndir.

Framsögumaður nefndar.

Kosning nefnda.

## 115

19. nív.  
Formaður  
og skrifari  
nefnda.

Sá, er flest fær atkvæði í nefnd við óhlutbundna kosningu, kveður nefndina saman í fyrsta sinn og lætur kjósa formann og skrifara. Fáir fleiri jafnmörg atkvæði í nefndina, ræður stafrófsröð. Við hlutfallskosningu kveður sá nefndina saman í fyrsta sinn, er fyrst var kosinn.

Nefndar-  
álit.

Nefndin lætur uppi álit sitt, og skal prenta það og útbýta því meðal þingmanna á fundi. Eigi má taka málið af nýju til umræðu fyrr en að minnsta kosti 2 nóttum síðar en nefndarálitinu var útbýtt, ef um lagafrumvarp er að ræða, en 1 nóttu síðar, ef um er að ræða þingsályktunartillögur.

## 18. gr.

## III. Þingmál.

## 19. gr.

Hvenær  
frumvörp  
megi taka  
til umræðu  
o. fl.

Þing-  
manna-  
frumvörp,  
sem er út-  
býtt 4 vik-  
um eftir  
þingsetn-  
ing.

Undan-  
teknigar-  
ákvæði.

*Lagafrumvörp* skulu vera samin með lagasniði, og skal prenta þau og útbýta þeim meðal þingmanna á fundi. Hverju frumvarpi skal fylgja stutt greinargerð fyrir tilgangi þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum. Eigi má taka frumvarp til umræðu fyrr en liðnar eru að minnsta kosti 2 nætur frá því, er því var útbýtt. Þau lagafrumvörp, er borin eru upp af þingmanna hálfu og útbýtt er fjórum vikum eftir þingsetningu, verða því aðeins tekin til meðferðar í deildinni, að meiri hluti þingmanna í þeirri deild, sem frumvarpið er borið fram í, samþykki það. Þessa samþykkis skal leitað, þá er málið kemur til fyrstu umræðu, og má flutningsmaður einn áður taka til máls og skýra frá þýðingu frumvarpsins. Neiti deildin um samþykkið, er frumvarpið fallið.

Eigi þarf þó að leita þessa samþykkis, þegar um er að ræða frumvarp til laga um breyting á stjórnarskránni eða um breyting á þingsköpum Alþingis, og ekki heldur um frumvörp, sem nefnd flytur óskipt eða flutt eru að beiðni einhvers ráðherranna.

## 20. gr.

Frumvörp  
skulu rædd  
þrisvar.

Ekki er lagafrumvarp samþykkt til fullnaðar, fyrr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild, eða þrisvar sinnum í sameinuðu þingi, þegar um er að ræða frumvarp til fjárlaga og fjárukalaga (stjskr. 39. og 40. gr.).

## 21. gr.

1. umræða.

Við *fyrstu* umræðu skal ræða frumvarpið í heild sinni. Þá er þeirri umræðu er lokið, er leitað atkvæða um, hvort það eigi að ganga til annarar umræðu.

## 22. gr.

2. umræða.

Breyting-  
artillögur.

Frumvörp  
rædd í köfl-  
um.

*Önnur* umræða fer eigi fram fyrr en tveim nóttum eftir fyrstu umræðu, og skal þá ræða greinar frumvarpsins, hverja fyrir sig, og breytingartillögur við þær. Ræða má frumvarpið í köflum, eftir nánari ákvæðum forseta. Þegar búið er að ræða hvern kafla, skulu atkvæði greidd um hverja grein í honum með breytingartillögum, er við eiga. Að síðustu skal greiða atkvæði um það, hvort frumvarpið, þannig lagað, eigi að ganga til þriðju umræðu.

## 23. gr.

*Þriðja* umræða má eigi fram fara fyrr en tveim nóttum eftir aðra umræðu. Þá skal ræða breytingartillögur og greinar, er þær eiga við, svo og frumvarpið allt í heild. Þá er umræðum er lokið, skal leita atkvæða um breytingartillögurnar og síðan um frumvarpið í heild sinni, eins og það þá er orðið.

## 24. gr.

Þá er frumvarp hefir þannig verið samþykkt við þrjár umræður í deild, sendir forseti hennar það forseta hinnar deildarinnar, með tilmælum um, að hann leggi það fyrir þá deild (stjkskr. 40. gr.), og sætir það síðan sömu meðferð þar sem í deild þeirri, er það kom frá.

Ef frumvarpið er samþykkt óbreytt í þessari deild, sendir forseti hennar ráðherra það.

## 25. gr.

Ef deildin breytir aftur á móti frumvarpinu í smáu eða stóru, sendir forseti hennar það til baka forseta hinnar deildarinnar (stjkskr. 40. gr.). Hafi nefnd fjallað um það þar, sendir forseti henni það þegar. Hún lætur uppi álit sitt um það, og skal það prentað og því útbýtt. Þá er liðnar eru að minnsta kosti tvær nætur frá því, er frumvarpinu, eins og það kom frá hinni deildinni, var útbýtt meðal þingmanna á fundi, eða ef um nefndarálit um það er að ræða, þá frá því, er því var útbýtt, skal frumvarpið tekið til umræðu í deildinni á sama hátt og áður við þriðju umræðu (23. gr.).

Ef deildin samþykkir frumvarpið óbreytt eins og það kom frá hinni deildinni, sendir forseti ráðherra það. En sé því breytt, sendir forseti það, eins og það þá er orðið, hinni deildinni (stjkskr. 40. gr.), og skal þar enn fara með það eftir ákvæðum 23. gr. Fallist deildin á frumvarpið óbreytt, sendir forseti ráðherra það. Nú breytir deildin því, og sendir þá forseti það forseta sameinaðs þings og mælist til, að það verði lagt fyrir sameinað þing.

## 26. gr.

Frumvarpinu, í þeirri mynd, sem það hafði síðast fengið, er nú útbýtt meðal allra þingmanna og skal lagt fyrir sameinað Alþingi til einnar umræðu, minnst 2 nóttum síðar. Við umræðurnar skal fara eftir því, sem fyrir er mælt í 23. gr., og er þeim lýkur, skal greiða atkvæði um breytingartillögurnar og síðan um frumvarpið í heild sinni.

Þá er Alþingi, sem nú segir, skipar eina málstofu, þarf, til þess að gerð verði fullnaðarályktun um mál, meira en helmingur þingmanna úr hvorri deild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu. Þingmaður, sem er á fundi, en greiðir ekki atkvæði við nafnakall, án lögmetra ástæðna, telst taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Ræður þá afl atkvæða um einstök málsatriði. En til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjárukalaga, verði samþykkt í heild sinni, verða aftur á móti að minnsta kosti tveir þriðjungar atkvæða, sem greidd eru, að vera með frumvarpinu (stjkskr. 40. gr.).

## 115

19. nóv.

3. umræða.  
Breytingartillögur.

Frumvarp sendist hinni deildinni og síðan ráðherra.

Frumvarp endursent deild. Meðferð á því.

Frumvarp fer í sameinað þing.

Frumvarp í sameinuðu þingi.

Lagafrumvörp þurfa atkvæða, önnur en fjárlög og fjárukalög.

**115** Ef frumvarp er samþykkt í sameinuðu þingi, sendir forseti það ráðherra.  
19. nív. Ella fellur það niður.

## 27. gr.

Fyrirsögn frumvarpa o. fl. Um breytingu á stjórnarskránni. Lagafrumvarp, er felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni eða viðauka við hana, skal í fyrirsögninni nefnt frumvarp til stjórnarskipunarlags. Hafi það eigi þá fyrirsögn, vísar forseti því frá.

Breytingartillögu, sem felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni eða viðauka við hana, má aðeins gera við frumvarp til stjórnarskipunarlags. Sé hún gerð við annað frumvarp, vísar forseti henni frá.

## 28. gr.

Felld frumvörp. Lagafrumvarp, er önnurhvor deildin hefir fellt, má eigi bera upp aftur á sama þingi.

## 29. gr.

Þingsályktunartillögur. Tillögur til þingsályktunar skulu vera í ályktunarformi. Slíka tillögu má ræða einu sinni eða tvisvar. Nú er tillaga til þingsályktunar borin upp í deild eða sameinuðu þingi, og skal þá prenta hana og útbýta meðal þingmanna á fundi. Á fundi, að minnsta kosti 1 nótt síðar, ályktar deildin eða þingið, eftir uppástungu forseta, hvort hún skuli rædd í einni eða tveimur umræðum. Umræða má eigi fram fara fyrr en í fyrsta lagi daginn eftir.

Tilhögun umræðna. Ef ein umræða er ákveðin, skal henni og atkvæðagreiðslu hagað eftir fyrir-mælunum um 2. umræðu lagafrumvarpa (22. gr.), og sama er um fyrri umræðu, ef tvær eru. En síðari umræðan fer fram eins og þriðja umræða um lagafrumvörp (23. gr.).

Tillaga send milli deilda og í sameinað Alþingi. Þingsályktunartillögu, er samþykkt hefir verið í annari þingdeildinni, má senda hinni deildinni og láta hana þar sæta sömu meðferð sem nú er sagt hér á undan í grein þessari. Sé henni breytt þar, skal hún endursend hinni deildinni og tekin þar til einnar umræðu. Ef tillögunni er þá aftur breytt, skal hún lögð fyrir hina deildina af nýju, og um hana viðhöfð ein umræða. Sé henni þar enn breytt, skal hún lögð fyrir sameinað þing og útkljáð þar með einni umræðu.

Útgjalda-tillögur. Þingsályktunartillögur, sem fara fram á útgjöld úr ríkissjóði, skal jafnan bera upp í sameinuðu þingi og hafa tvær umræður um þær.

## 30. gr.

Ávarp. Ávarp má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi, og skal fara með það sem þingsályktunartillögu, að því fráskildu, að ávarp verður ekki sent frá einni deild til annarar.

## 31. gr.

Fyrirspurnir. Nú vill alþingismaður beiðast skýrslu ráðherra um landsmál (stj. skr. 49. gr.), og gerir hann það með fyrirspurn, er afhent sé forseta, og skal prenta hana og útbýta meðal þingmanna á fundi, jafnframt því að forseti skýrir frá henni. Á öðrum fundi leyfir deildin fyrirspurnina eða synjar leyfis.

Leyfi deildin fyrirspurnina, sendir forseti ráðherra hana, og er hún svo borin upp og rædd á fundi síðar. Við þessa umræðu má enga ályktun gera.

115  
19. nóv.

### 32. gr.

*Breytingartillögur* við lagafrumvörp og þingsályktunartillögur skulu vera prentaðar og þeim útbýtt daginn áður en þær koma til umræðu. Ráðherra og hver þingdeildarmaður, eða í sameinuðu þingi hver þingmaður, má koma fram með breytingartillögur við hverja umræðu sem er.

Breytingartillögur.

Breytingartillögu við breytingartillögu má þingmaður bera upp við byrjun þess fundar, er hún skal tekin til umræðu. Þó skal þá vera búið að útbýta henni. Nefnd getur einnig borið upp breytingartillögu með jafnstuttum fresti, en aðrir því aðeins að deildin samþykki það.

Breytingartillaga við breytingartillögu.

Breytingartillögu um atriði, sem búið er að fella í deild, má eigi bera upp aftur í sömu deild á sama þingi, en heimilt er að bera hana upp í hinni deildinni og sameinuðu þingi, ef tækifæri er til þess eftir þingsköpum. Þegar lagafrumvörp koma í sameinað þing frá annari hvorri þingdeildinni, má þó eigi gera breytingartillögur um önnur atriði en þau, er sú deildin, er síðast hafði frumvarpið til meðferðar, breytti við þá umræðu. Forseti úrskurðar, hvort það er sama atriði, sem liggur fyrir, og atriði, er áður hefir verið fellt í sömu þingdeild, og er þingmönnum skylt að hlita þeim úrskurði.

Breytingartillaga um felld atriði.

Breytingartillögur í sameinuðu þingi við lagafrumvörp frá þingdeild.

## IV. Fundarsköp.

### 33. gr.

Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi, nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta, svo fljótt sem unnt er, og metur hann nauðsynina.

Heimilt er forseta að veita þingmanni brottveruleyfi, þó eigi lengur en tvær nætur að nauðsynjalausu, nema deildin samþykki.

Þegar fundur er settur, skal samþykkja fundarbók frá síðasta fundi (14. gr.). Þar næst skýrir forseti frá erindum þeim, sem honum hafa borizt eða útbýtt hefir verið. Þá er gengið til dagskrár.

Fundarsetning o. fl. Fundasókn þingmanna.

Samþykkt fundarbókar. Erindum útbýtt.

### 34. gr.

Þingmaður, sem hefir óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal standa upp úr sæti sínu og mæla þaðan, og skal hann ávallt víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins. Eigi má hann annars ávarpa nokkurn einstakan þingmann, og kenna skal þingmann við kjördæmi sitt eða kosningu. Við útvarpsumræður skulu þó þingmenn jafnframt nefndir fullu nafni.

Þingmaður tekur til máls.

Við útvarpsumræður skulu ræðumenn, aðrir en forseti, jafnan mæla úr ræðustól, og heimilt er þeim endranær að flytja ræður sínar þaðan.

Ræðustóll.

## 115

19. nóv.

Hve oft þingmaður má taka til máls við umræðu.

Málfrelsi ráðherra.

Framsögumaður meiri og minni hluta nefndar, svo og flutningsmaður máls, en eigi nema einn, þótt fleiri flytji, mega við hverja umræðu um mál tala þrisvar. Ef tveir eða fleiri eru flutningsmenn, skal sá, er fyrstur stendur á skjalinu, teljast framsögumaður, nema annar sé tilnefndur. Aðrir mega ekki tala oftar en tvisvar. Þó er jafnan heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um gæzlu þingskapa og til þess að bera af sér sakir.

Ráðherrar mega tala svo oft sem þeim þykir þurfa.

Þegar útvarpað er umræðum um þingmál, skal farið eftir reglum V. kafla.

## 36. gr.

Í hverri röð þingmenn taka til máls.

Forseti gefur þingmönnum venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð, er þeir beiðast þess. Þó getur hann vikið frá þeirri reglu við ráðherra og framsögumann, svo og til þess, að ræður með og móti málefni skiptist á, eða til þess, að þingmaður geti gert stutta leiðrétting eða athugasemd, er snertir sjálfan hann.

## 37. gr.

Takmörkun umræðutíma.

Ef umræður dragast úr hófi fram, getur forseti úrskurðað, að ræðutími hvers þingmanns skuli ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd, og einnig getur forseti stungið upp á, að umræðum sé hætt. Svo getur og forseti lagt til, hvort heldur í byrjun umræðu eða síðar, að umræðum um mál skuli lokið að liðnum ákveðnum tíma. Eigi má þó, meðan nokkur þingmaður kveður sér hljóðs, takmarka ræðutíma við nokkra umræðu svo, að hún standi skemur en 3 klukkustundir alls. Tillögur forseta skulu umræðulaust bornar undir atkvæði í þingdeild þeirri, sem hlut á að máli, eða sameinuðu þingi, og ræður afl atkvæða úrslitum. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafizt þess, að greidd séu atkvæði um það umræðulaust, hvort umræðu skuli lokið, umræðutími eða ræðutími hvers þingmanns takmarkaður. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og rituð í gerðabókina. Eftir ákvæðum þessarar greinar og 35. gr., að því er varðar sameinað þing, skal einnig fara á þingsetningarfundum.

Skipting umræðutíma.

Nú hefir verið samþykktur takmarkaður umræðutími eða ákveðinn ræðutími hvers þingmanns, og skal þá forseti skipta umræðutímanum í heild sem jafnast á milli fylgismanna og andstæðinga máls þess, sem er til umræðu, án þess að hann sé bundinn við, í hvaða röð þingmenn hafa kvatt sér hljóðs, eða milli flokka, ef hentara þykir.

Ræðutími ráðherra.

Ákvæði þessarar greinar ná einnig til ræðutíma ráðherra.

## 38. gr.

Upplestur.

Eigi má, nema með leyfi forseta, lesa upp prentað mál.

## 39. gr.

Þingmenn gæti reglu.

Skyllt er þingmanni að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur, að gætt sé góðrar reglu. Skyldi almenn óregla koma upp, er það skylda forseta að gera

hlé á fundinum um stundarsakir, eða, ef nauðsyn er til, slíta fundinum alveg. **115**

19. nóv.

## 40. gr.

Frunvörp, hvort heldur eru frá stjórninni eða þingmönnum, svo og tillögur til þingsályktunar og breytingartillögur, má kalla aftur á hverju stigi umræðu sem vill. En heimilt er hverjum þingmanni að taka það jafnskjótt upp aftur á sama fundi. Fyrirspurn má og afturkalla.

Afturköllun.

## 41. gr.

Þyki þingdeild eigi ástæða til að gera ályktun um eitt hvert málefni, getur hún vísað því til ráðherrans (stjkskr. 51. gr.).

Máli vísað til ráðherra.

## 42. gr.

Heimilt er þingmanni að krefjast þess, að gengið sé til atkvæða um eitt hvert þingmál umræðulaust, en það skal því aðeins gert, ef  $\frac{2}{3}$  fundarmanna eru því samþykkir.

Krafa um atkvæði umræðulaust.

Meðan á umræðum stendur má gera tillögu, er byggð sé á ástæðum, um að taka skuli fyrir næsta mál á dagskránni, og skal þá afhenda forseta tillöguna um það skrifaða. Slíka tillögu má og gera í prentuðu nefndaráli.

Rökstudd dagskrá.

## 43. gr.

Forseti deildar ákveður fyrir lok hvers fundar dagskrá fyrir næsta fund hennar, eftir því sem við verður komið. Þó má ákveða hana eftir ályktun deildarinnar, ef 3 þingmenn í efri deild og 6 í neðri deild krefjast þess skriflega og gera tillögu um ákveðna dagskrá.

Dagskrá.

Ef þá er farið fram á, að mál sé látið ganga út af dagskránni, skal afhenda forseta kröfuna um það samdægurs og dagskráin er ákveðin. En sé farið fram á, að mál sé tekið á dagskrá, skal tilkynna deildinni það í lok þess fundar, er krafan um það kom fram á. Um þessa tillögu skal í byrjun næsta fundar greiða atkvæði umræðulaust. Sé hún felld, er með því samþykkt dagskrá forseta.

Krafa um mál af eða á dagskrá.

Þegar dagskrá er eigi ákveðin eftir ályktun deildarinnar, getur forseti breytt röðinni á þeim málum, sem eru á dagskrá, og einnig tekið mál út af dagskrá. Mál, sem eigi er á dagskrá, verður því aðeins tekið fyrir, að til þess fáiast samþykki  $\frac{3}{4}$  þeirra, sem á fundi eru, og leyfi ráðherra, sbr. 64. gr.

Forseti breytir dagskrá. Nýtt mál á dagskrá.

## 44. gr.

Hvorug þingdeildin má gera nokkra ályktun, nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og greiði þar atkvæði (stjkskr. 48. gr.). Þingmaður, sem er á fundi, en greiðir ekki atkvæði við nafnakall án lögmatra ástæðna, telst taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

Þingdeild ályktunarfer.

Engin ályktun er lögmat, nema meira en helmingur fundarmanna, þeirra sem atkvæðisbærir eru, greiði atkvæði með henni.

## 115

19. nív.

Skýlt er þingmanni, hvort heldur í deild eða sameinuðu þingi, að vera viðstaddur og greiða atkvæði, nema hann hafi lögmet forföll eða fararleyfi.

Skylda þingmanna að greiða atkvæði. Nafnakall.

Nú er haft nafnakall við atkvæðagreiðslu og þingmaður greiðir eigi atkvæði, og skal hann þá leiða rök að því.

Forseti sker úr, hvort þau rök skuli gild talin, en þingmaður sá, sem hlut á að máli, getur skotið þeim úrskurði undir atkvæði deildarinnar eða þingsins. Enginn þingmaður má greiða atkvæði með fjárveitingu til sjálfs sín.

## 45. gr.

Skipting, röð og innra samband atkvæðagreiðslu.

Forseti ræður því, hvernig atkvæðagreiðslu er skipt og í hverri röð og innra sambandi hún fer fram. Þó getur þingdeild eða sameinað þing, ef 3 í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krefjast þess, breytt ákvörðun forseta.

## 46. gr.

Atkvæðagreiðsla. Atriði samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Þá er forseti hefir ástæðu til að ætla, að allir séu á einu máli, má hann lýsa því yfir, að gert sé út um atriði án atkvæðagreiðslu, ef enginn krefst þess, að hún fari fram, og skal þá sú yfirlýsing forseta koma í stað atkvæðagreiðslu. Um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur verður hann þó jafnan að hafa atkvæðagreiðslu við allar umræður (sbr. 21.--26. og 29. gr.).

Hvernig atkvæðagreiðsla fer fram.

Nafnakall.

Atkvæðagreiðslan fer fram á þann hátt, að hver þingmaður réttir upp hægri hönd sína, hvort sem hann greiðir atkvæði með eða móti máli. Skrifararnir telja atkvæðin, en forseti skýrir frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar, eftir að atkvæða hefir verið leitað með og móti. Hafi atkvæðagreiðslan fallið þannig, að málið sé hvorki samþykkt né fellt, lætur forseti nafnakall fara fram. Sömuleiðis er forseta heimilt að láta atkvæðagreiðslu fara fram með nafnakalli, annaðhvort þegar í stað eða ef atkvæðagreiðsla hefir áður fram farið, en verið óglögg. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafizt nafnakalls við atkvæðagreiðslu um tiltekið atriði. Skrifleg krafa um það skal afhent forseta áður en atkvæðagreiðsla byrjar. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og bókuð.

Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá í stafrófsröð og hluta um í hvert sinn, á hverri raðtölunni skuli byrja nafnakallið.

Forseti skal jafnan greiða atkvæði síðastur.

## 47. gr.

Afl atkvæða.

Afl atkvæða ræður um úrslit mála og málsatriða, nema öðruvísi sé ákveðið í stjórnarskránni eða þingsköpunum (sbr. 26. gr.).

## 48. gr.

Kosning óhlutbundin og hlutbundin (de Hondt).

Um kosningar fer eftir því, sem fyrir er mælt í 3. og 17. gr., að því viðbættu, að þegar kjósa á um 2 menn eða fleiri í þingdeild eða sameinuðu þingi, hvort heldur er til starfa innan þings eða utan, skal beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri, er kennd er við de Hondt (listakosning), ef 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri og 9 í sameinuðu þingi æskja þess.

Aðferðin er þessi:

Þeir þingmenn, er komið hafa sér saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda forseta, þegar til kosninga kemur, lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefir tekið við listunum, merkir hann hvern þeirra bókstaf, A, B, C o. s. frv., eftir því sem sjálfur hann ákveður, eða ákveðið hefir verið með samkomulagi eitt skipti fyrir öll þann þingtíma. Síðan les forseti upphátt stafnafn hvers lista og nöfn þau, er á honum standa. Þá kjósa þingmenn þannig, að hver ritar á kjörmiða aðeins stafnafn (A, B o. s. frv) þess lista, er hann vill kjósa eftir. Kjörmiðarnir eru afhentir forseta, og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða, en skrifararnir rita jafnóðum og telja saman, hve mörg atkvæði hafa fallið á hvern lista, hve mörg á A, hve mörg á B o. s. frv. Tölu þeirri, sem hver listi þannig fær, er svo skipt, fyrst með 1, síðan með 2, síðan með 3 o. s. frv., eftir því sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð hver niður undan annari, og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

Kosningin fer eftir hlutatölunum, þannig að sá listi fær fyrsta mann, er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann, er á næsthæsta hlutatölu, o. s. frv., þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista, skal varpa hlutkesti um, hvor listinn skuli koma að manni.

Af hverjum lista skulu menn hljóta kosning í þeirri röð, sem þeir standa á listanum.

Kjörmiði við óhlutbundnar kosningar eru ógildur, ef á honum standa fleiri eða færri nöfn en samsvarar tölu nefndarmanna, eða nafn er ógreinilegt eða á eigi við.

#### 49. gr.

Fundir, bæði þingdeilda og sameinaðs þings, skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafizt þess, að öllum utanþingsmönnum sé vísað á braut, og sker þá þingið úr því, hvort svo skuli gert og umræður fara fram í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum (stjkskr. 52. gr.).

#### 50. gr.

Forseti skipar fyrir um, hvernig mönnum skuli gefinn kostur á að vera við fundi þá, er haldnir eru í heyranda hljóði. Áheyrendur eru skyldir til að vera kyrrir og hljóðir. Brjóti nokkur móti því, getur forseti látið vísa honum á braut, og ef þörf er á, öllum áheyrendum.

### V. Útvarp umræðu.

#### 51. gr.

Útvarpa skal þingsetningu og þinglausnum.

Þá skal og útvarpa framsöguræðu fjármálaráðherra um frv. til fjárlaga og, ef óskað er, hálftrar stundar ræðum af hálfu annara þingflokka, enda hefir fjármálaráðherra þá og rétt til stundarfjórðungs svarræðu.

115

19. nóv.

Hvernig hlutfallskosning fer fram.

Hlutatölur ráða úrslitum.

Hlutkesti.

Kjörmiði ógildur.

Fundir í heyranda hljóði. Umræður fyrir luktum dyrum.

Áheyrendur. Brottvísun vegna ókyrrðar.

Hverju skylt er að útvarpa.

## 115

## 52. gr.

19. nív.  
Jafnrétti þingflokka.  
Málfrelsi ráðherra.  
Réttur þingmanna utan flokka.

Þegar útvarpað er umræðum um þingmál, skulu þingflokkar hafa rétt til jafnlangs ræðutíma og forsetar gefa þingmönnum færi á að taka til máls þannig, að flokkarnir skiptist á. Við útvarpsumræðu gilda ekki ákvæði 35. gr. um málfrelsi ráðherra. Rétt skal þingmönnum utan flokka að eiga þátt í útvarpsumræðum, þó þannig, að enginn þeirra fái lengri tími en helming þess, er hver þingflokkur hefir til umráða, og ekki skulu þingmenn utan flokka, ef fleiri eru en tveir, fá lengri tíma samanlagt við útvarpsumræðu en hver einstakur þingflokkur.

## 53. gr.

Frh. 1. umr.  
fjárlaga og vantraust.

Við framhald fyrstu umræðu fjárlaga mega ræður í fyrstu umferð vara eina stund, en síðan hálfra stund þrjár umferðir, og enn aðrar þrjár stundarfjórðung. Skal þá útvarpi umræðu um fjárlög að fullu lokið. Sama regla gildir um útvarp umræðu um vantraust.

Umferð.

Það er umferð, þegar fulltrúar allra þingflokka hafa tekið til máls og þeir þingmenn utan flokka, sem þátt taka í umræðum.

## 54. gr.

Ræðutími í öðrum málum.

Þegar útvarpað er umræðum um önnur mál en þau, er í 51. og 53. gr. segir, fær hver þingflokkur til umráða þrjá stundarfjórðunga, er skiptast í tvær umferðir.

Takmörkun útvarps-umræðu.

Takmarka má fyrirfram umræðutíma um þingmál, önnur en þau, er um ræðir í 51. og 53. gr., þótt umræðu sé útvarpað, allt niður í 3 klukkustundir (sbr. 37. gr.), enda styttr þá forseti umferðir að sama skapi.

## 55. gr.

Útvarp með samþykki annara flokka.

Nú óskar þingflokkur, að umræðu verði útvarpað, og snýr þá formaður flokksins tilmælum sínum til forseta. Skal forseti þegar tilkynna það formönnum annara þingflokka, en þeir leita samþykkis flokks síns svo fljótt sem auðið er. Útvarpa skal umræðu, þegar samþykki allra flokka kemur til.

## 56. gr.

Útvarp án samþykkis annara flokka.

Nú næst ekki samkomulag milli þingflokka um útvarp umræðu, og skal forseti þá tilkynna það þeim, sem kröfuna átti. Ef þingflokkur ítrekar kröfu sína, skal umræðunni útvarpað. Réttur til útvarps án samþykkis annara þingflokka gildir þó aðeins um tvær umræður umfram þann flokk, sem sjaldnast hefir neytt þessa réttar.

## 57. gr.

Boðun útvarps-umræðu.

Dag og stund útvarpsumræðu skal tilkynna í útvarpi og á þingfundi svo fljótt sem unnt er.

## 58. gr.

Röð útvarpsumræða.

Umræðum skal útvarpa í sömu röð og kröfur um útvarp bárust forseta, enda sé að öðru leyti fullnægt ákvæðum þingskapa. Forseti getur þó vikið frá þessari röð, ef sérstakar ástæður liggja til.

## 59. gr.

Formenn þingflokka eru réttir aðilar gagnvart forseta og þingmönnum flokksins um allt það, er að útvarpi umræðu lýtur.

## 60. gr.

Forseti sker úr ágreiningi, sem verður um skilning á reglum þessum eða framkvæmd þeirra.

## VI. Ýmisleg ákvæði.

## 61. gr.

Hvorug þingdeildin má taka við nokkru málefni, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sér til flutnings (stjskr. 50. gr.).

## 62. gr.

Umræður þingdeildanna og sameinaðs Alþingis, ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum um þau, skulu prentaðar í Alþingistíðindunum.

Í Alþingistíðindunum má ekkert undan fella, það er þar á að standa og fram hefir komið í þinginu og gerðabækur þingsins og handrit af umræðum í þinginu bera með sér. Engar breytingar má gera á hvorugu þessu, nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur. Engu má bæta inn í Alþingistíðindin, hvort sem það varðar menn eða málefni, nema þess sé óhjákvæmileg þörf eða í því felist sjálfsögð leiðrétting.

## 63. gr.

Ef þingmaður talar óvirðulega um konunginn eða ber þingið eða ráðherra eða einhvern þingmann brizlyrðum, eða vikur með öllu frá umtalsefninu, þá skal forseti kalla til hans: „Þetta er vitavert“, og nefna þau ummæli, sem hann vitir. Nú er þingmaður vittur tvisvar á sama fundi, og má þá forseti, með samþykki fundarins, svipta þingmanninn málfrelsi á þeim fundi.

## 64. gr.

Eftir uppástungu forseta eða skriflegri uppástungu frá 3 þingmönnum í efri deild, 6 þingmönnum í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi má bregða út af þingsköpum þessum, ef ráðherra leyfir og  $\frac{3}{4}$  þeirra þingmanna, er um það greiða atkvæði, samþykkja. Um stjórnarfrumvörp eða frumvörp, sem flutt eru fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, ræður þó einfaldur meiri hluti. Afbrigði mega þau ein vera, er eigi koma í bága við stjórnarskrána.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Fredensborg, 19. nóvember 1936.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## 115

19. nóv.

Aðild  
flokks-  
formanna.

Úrskurðar-  
vald  
forseta.

Þingdeild  
tekur eigi  
við erindi  
án flutu-  
ningsmanns.

Alþingis-  
tíðindi.

Þingsaf-  
glöpun og  
þingvíti.

Afbrigði  
frá þing-  
sköpum.